

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, miðvikudaginn 12. febrúar 2020 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Ásgrímur Angantýsson og Steinunn Stefánsdóttir. Eva María Jónsdóttir og Anna Sigríður Þráinsdóttir voru fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Endurskoðun íslenskrar málstefnu

Stefnt er að því að fyrstu drög að endurskoðaðri málstefnu liggi fyrir í september. Fundir í vor og í sumar verða notaðir til að varpa fram ýmsum atriðum sem þurfa að vera með í málstefnunni.

Hugmyndir um kafla í nýrri málstefnu: Formáli, stjórnsýsla og alþjóðasamstarf, háskólar og rannsóknir, skólakerfi, fjölmenningsamfélagið, miðlar og menning, netið, atvinnulífið, viðhorf til íslenskunnar, lokaorð.

### 2. 5 ára stefna

Hugsanleg áhersluatriði næstu ára: Viðhorf til íslenskunnar, skólakerfið, netið og opinn aðgangur að gögnum, fjölmenningsamfélagið. Stefnt er að því að komin verði drög að 5 ára stefnu í mars.

### 3. Tjáning málnefndar: kynningarmál

Samþykkt að stofna Tíst-reikning (Twitter) og kynna þar ýmis atriði, t.d. ritreglurnar. Hægt væri að byrja á því að tísta fræðsluefni. Einnig er hægt að nýta betur síðu Íslenskrar málnefndar, *islenskan.is*.

### 4. Kynning á ritglum

Sjá lið 3. Mennta- og menningarmálaráðuneytið á að sjá um kynningu á ritglum en ljóst er að það þarf að kynna ritreglurnar betur en gert hefur verið.

### 5. Önnur mál

Spurt var um hver hefði tekið við af Helgu Guðrúnu Johnson sem var verkefnisstjóri átaksins *Áfram íslenska* sem er liður í aðgerðum stjórnvalda til að styrkja íslensku sem opinbert mál. Aflað verður upplýsinga um hver hefur tekið við starfi Helgu Guðrúnar.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 15.20.

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.